

***BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verktöku í sjúkraflutningum - R21070161***

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki sé tímabært að Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) hætti verktöku í sjúkraflutningum þar sem það getur haft áhrif á að SHS geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu. SHS hefur lögbundin verkefni sbr. 3. gr. reglugerðar um slökkvilið sem er allt slökkvistarf innan og utanhúss, viðbrögð við mengunarslysum og fjölmargt fleira sbr. reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar um starfsemi slökkviliða er heimilt er að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem kveðið er á um í 3. gr. Verktakavinna má þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort þetta tvennt sé ekki ósamrýmanlegt? Ítrekað hefur komið fram að skortur er á mannafla í slökkviliðinu og þegar stórbruni eða mörg útköll bera að höndum, vanti fólk til starfa. Það segir sig sjálf að það hljóta að koma tilfelli þar sem slökkviliðsmaður er ekki til taks til að sinna lögbundnu verki vegna verkefna sem hann hefur fengið leyfi til að taka að sér sem verktaki. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki sé kominn tími til að leggja af þessa verktöku og að SHS sinni einvörðungu lögbundnu hlutverki sínu og hafi þá rýmri tíma til æfinga og þjálfunar starfsfólks síns?